

# Snemmtæk íhlutun í málörvun & læsi



*Víkin 5 ára deild  
Grunnskóla Vestmannaeyja*



## Handbók

Þróunarverkefnið **Snemmtæk íhlutun í málörvun & læsi** var unnið  
í Víkinni 5 ára deild skólaárið 2022-2023

**Leiðbeinandi**

Ásthildur Bj. Snorradóttir, talmeinafræðingur

**Verkefnastjóri**

Halldóra Guðlaug Helgadóttir

**Verkefnastjórar frá Víkinni 5 ára deild**

Guðrún S. Þorsteinsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri

Hildur Rún Róbertsdóttir, deildarstjóri

Linda Óskarsdóttir, sérkennslustjóri

**Hönnuðir**

Starfsfólk í Víkinni

**Ljósmyndir**

Starfsfólk í Víkinni

**Forsíðumynd**

Á myndinni má sjá Sigurrós Sigurhansdóttur aðstoðarleikskólakennara  
og börn í Víkinni í Lubbastund

## Efnisyfirlit

Formáli – saga leikskólans.....	3
1. Aðalnámskrá leikskóla .....	4
2. Málörvun .....	11
2.1 Uppbygging málörvunarstunda í Víkinni .....	11
2.2 Dagleg málörvun .....	13
2.3 Málörvun og lestur .....	13
2.4 Lubbi finnur málbein .....	14
2.5 Námsfni.....	16
2.6 Leikur og nám .....	17
2.7 Stærðfræði og listasmiðja .....	18
3.1 Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna.....	25
3.2 Matstæki.....	26
3.2.1 Hjóm-2 .....	26
3.2.2 TRAS .....	28
3.2.3 Íslenski þroskalistinn .....	30
3.2.4 Íslenski máhljóðamælirinn.....	30
3.2.5 AEPS .....	31
4. Foreldrasamstarf .....	31
4.1 Foreldrasamstarf í Víkinni.....	31
4.2 Flutningur barna frá Kirkjugerði og Sóla yfir í Víkina .....	32
4.3 Flutningur barna frá Víkinni yfir í GRV.....	32
4.4 Foreldraráð/foreldrafélag og uppákomur í Víkinni.....	33
5. Börn af erlendum uppruna .....	34
5.1 Tví- og fjöltyngd börn í Víkinni.....	35
6. Samstarf leik- og grunnskóla.....	36
7. Flokkun á námsfni .....	36
Lokaorð .....	38
Heimildir .....	39
Fylgiskjöl .....	41

## Formáli – saga leikskólans

Víkin 5 ára deild er hluti af Grunnskóla Vestmannaeyja og er staðsett í suðurálmú Hamarsskóla í Vestmannaeyjum. Víkin var opnuð árið 2009. Öll fimm ára börn í Vestmannaeyjum eru í Víkinni og starfar deildin undir Grunnskóla Vestmannaeyja. Deildirnar í leikskólanum heita Heimaklettur, Miðklettur og Ystiklettur. Leikskóladeildin leggur áherslu á að rækta sterka sjálfsmynd, félagslega færni og trú á eigin getu. Mikil áhersla er lögð á að efla vináttu, jákvætt hugarfar og glaðleg samskipti. Einkunnarorð Víkurinnar eru; Gleði – Öryggi – Vináttu (Vestmannaeyjabær, e.d.). Fyrir skólaárið 2022-2023 var ákveðið að taka þátt í þróunarverkefninu „Snemmtæk íhlutun í leikskóla með áherslu á málþroska og læsi“ sem er verkefni á vegum Menntamálastofnunar. Faglegur ráðgjafi er Ásthildur Bj. Snorradóttir og verkefnastjóri Halldóra Guðlaug Helgadóttir. Markmið okkar var að efla málörvun og læsi í Víkinni með því að ramma inn starfið okkar í handbók sem verður lifandi skjal sem verður endurskoðað árlega.

## 1. Aðalnámskrá leikskóla

Börn eru félagsverur sem hafa ríka þörf fyrir samskipti við aðra. Þau hafa m.a. þörf fyrir að spyrja spurninga, skiptast á skoðunum og ræða hugmyndir sínar, tilfinningar og líðan. Börn nota ýmsar leiðir til að tjá sig og eiga samskipti við aðra. Auk tungumálsins nota þau til dæmis ýmiss konar hljóð, snertingu, látbragð og leikræna tjáningu, tónlist, myndmál og dans. Í gefandi samskiptum og leik eykst félagsfærni og sjálfsmynd styrkist. Læsi í víðum skilningi er mikilvægur þáttur samskipta. Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011, bls. 29).

Í leikskóla ber að skapa aðstæður svo börn fái ríkuleg tækifæri til að:

- Eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti í barnahópnum.
  - Endurskapa upplifun sína og reynslu í leik og skapandi starfi.
  - Tjá sig með fjölbreyttum hætti og með ólíkum efniviði.
  - Kynnast tungumálinu og möguleikum þess.
  - Njóta þess að hlusta á og semja sögur, ljóð, þulur og ævintýri.
  - Þróa læsi í víðum skilningi.
  - Öðlast skilning á að ritað mál og tákn hafi merkingu.
  - Deila skoðunum sínum og hugmyndum.
  - Nýta ólíkar leiðir og margvíslega tækni til að nálgast upplýsingar og setja fram hugmyndir sínar.
  - Velta vöngum yfir eigin samfélagi og menningu og menningu annarra þjóða
- (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011, bls. 30).



# Grunnþættir menntunar

*í Víkinni*

Læsi



*Ritmál sýnilegt*



*Spilað Stafabingó*



*Þjálfun hljóðkerfisvitundar*



*Talnalæsi*

## Sjálfbærni



*Gönguferðir í nærumhverfi*



*Týnt rusl á leiðinni*



*Endurnýtum efnivið í sköpun*

# Heilbrigði og velferð



*Hafgrautur í morgumat*




*Útivera*



*Íþróttir*




*Slökun*



*Dans*



# Lýðræði og mannréttindi



*Hjálpumst að*



*Sýnum umhyggju*



*Bjóðum fjölskyldum í heimsókn*



*Fögnum fjölbreytileikanum*


# Jafnrétti



*Jöfn tækifæri til náms*



*Skiptumst á*



*Fræðsla*




*Allir leika saman*

# Sköpun



*Einingakubbar*



*Málað trölladeig*



*Handafar sem eldgos*



*Flugeldar*



## 2. Málörvun

Í Víkinni fer fram gríðarlega mikil málörvun. Lögð er áhersla á að setja orð á allar athafnir, efla orðaforða barnanna með því að lesa fjölbreyttar bækur, leggja inn krefjandi þulur og hafa ritmál sýnilegt. Málörvun fer fram yfir allan daginn en hér fyrir neðan verður farið yfir uppbyggingu málörvunarstunda, daglega málörvun, málörvun og lestur, Lubbastarfið í Víkinni, námsefni sem við styðjumst við, leik og nám og hvernig stærðfræði og listir tengjast málörvun.

### 2.1 Uppbygging málörvunarstunda í Víkinni

Uppbygging samverustunda er á þann veg að tvisvar á dag er samverustund sem er um 20-30 mínútur. Fyrst á morgnana, eftir morgunmat er samverustund þar sem starfsfólkið byrjar á því að bjóða góðan daginn og fara yfir samverureglurnar okkar. Í kjölfarið telja börnin hvað þau eru mörg og fara í kjölfarið yfir hversu mörg börn vantar og hver þau eru. Þar næst er farið yfir hvað við ætlum að gera í samveru og yfirleitt er sá gangur á því að uppfæra dagatalið okkar en þar setjum við upp mánaðardag, færum klemmu á réttan vikudag og minnum okkur á hvaða mánuður er og hvaða árstíð. Einnig er farið yfir veðurfar en þar þjálfast mikill orðaforði og mörg orð sem börnin heyra sjaldan. Þar næst er farið yfir þá þulu sem er í gangi hverju sinni en börnin læra nýja þulu í hverjum mánuði og er þar lögð sérstök áhersla á þulurnar eftir Þórarinn Eldjárn. Sungin eru lög sem við erum að leggja inn en kennd eru þrjú ný lög í hverjum mánuði. Lögin eru yfirleitt tengd Vestmannaeyjum eða árstíðinni sem er hverju sinni. Þar þurfa börnin að bergmála eftir kennara, hlusta á lögin og á endanum syngja. Í lok samsverustundar er farið yfir dagskipulagið til dæmis látum við vita ef það er Lubbastund, stærðfræði, listir, leikfimi eða tónlist þann daginn.

Í samverustund fyrir hádegismat er unnið meira í verkefnum tengd hljóðkerfisvitund, orðaforða, fyrirmælum o.s.frv. Þar byrjum við þó eins og í morgunsamverunni og förum yfir hvort einhver hefur bæst í hópinn, hvað erum við þá orðin mörg? Fór jafnvel einhver heim eða er annars staðar? Þannig tengjum við talningu við samverustundina. Í samverustund fyrir hádegismat leggjum við einnig áherslu á lestur á allskonar bókum og örsögum. Sú samverustund er því fjölbreyttari á meðan morgunsamveran er fastmótaðari. Eins leggjum við í vana okkar að skapa rólegt andrúmsloft á deildinni eftir nónhressingu og nýtum tækifærið þá til að lesa fyrir börnin. Það skapar ró og yfirvegum í hópnum og er mikil gæðastund á öllum deildum leikskólans.



Einu sinni í viku, fyrir áramót skiptast börnin á að vera bókaormar og mega koma með bók að heiman. Þetta vekur mikla lukku og er skemmtilegt fyrir starfsfólk leikskólans að fá nýjar bækur til að lesa. Eftir áramót eru breyttar áherslur og þá mega börnin skiptast á að koma með hlut að heiman. Þá kynnir barnið hlutinn fyrir barnahópnum í samverustund, lýsir honum og segir frá því hver tenging þess við hlutinn er. Börnin hafa komið með allskonar hluti í Víkina t.d. myndir af ættingjum, bangsa, stytur og bækur.

Það sem er nýtt hjá okkur, eftir að hafa tekið þátt í þessu verkefni er að leggja áherslu á að kalla úr minni hjá börnunum hvað þau hafa verið að gera. Það hefur aðeins farið á mis hjá okkur og teljum við mikilvægt að styrkja þann þátt enda gagnast lítið að leggja inn allskonar lög, þulur og gera ýmis verkefni ef það skilar sér ekki í minni barnanna. Eins hafa verið útbúnar tilbúnar málörvunarstundir af starfsfólki Víkurinnar og þær settar á kippu sem eru aðgengilegar í daglegu starfi á deildinni. Hér má sjá dæmi um slíka málörvunarstund:


## Málörvunarstundir

**Upphaf:**

- Förum yfir samverureglurnar okkar
- Teljum hvað við erum mörg

**Verkefni:**

1. Börnin gera sitt Lubbahljóð og tákni
2. Klappa atkvæðin í nafninu sínu og telja atkvæðin. Nota taktbretti.
3. Fela hlut undir teppi.
4. Kalla úr minni (Hvað vorum við að gera fyrst, hvað gerðum við næst..)



**Endir:**

- Þökkum fyrir stundina

*Dæmi um tilbúna málörvunarstund*

## 2.2 Dagleg málörvun

Í Víkinni er lagt upp með að setja orð á allar athafnir og hefst málörvunin strax á morgnana þegar tekið er á móti börnunum með því að bjóða þeim og foreldrum þeirra góðan daginn. Yfir morgunmatnum er spjallað um daginn og veginn og tíminn er nýttur til að ræða hvað er um að vera í leikskólanum og hvað er framundan. Morgunmaturinn er einnig nýttur til þess að kalla úr minni hjá börnunum frá því deginum áður til dæmis með því að spyrja hvað þau gerðu eftir leikskóla, hvað var í kvöldmatinn o.s.frv.

Eins fer fram mikil málörvun í fataklefanum en við hurðina á deildunum er sjónrænt skipulag sem sýnir þann klæðnað sem börnin eiga að fara í hverju sinni. Þá ræðum við saman um hvort það sé nægilega hlýtt til þess að fara í t.d. fingravettlinga en ekki ullarvettlinga, er blautt úti og þurfum við því að fara í stígvél en ekki skó? Í þessum aðstæðum er verið að þjálfá mikinn orðaforða með því að kenna börnunum t.d. andstæðurnar kalt og heitt, blautt og þurr og er þar lögð áhersla á að kalla úr minni það sem farið var yfir í morgunsamveru.

Börnin í Víkinni borða hádegismat í matsal skólans og þar þurfa þau að deila stóru rými með eldri nemendum grunnskólans. Við þetta fyrirkomulag þurfa börnin að svara mataráði um hvort þau vilji ákveðinn mat og biðja starfsfólk um hnífapör og glas. Í matartímanum gefst mikið tækifæri til málörvunar en hádegið er nýtt til þess að leggja inn orð dagsins sem er unnið út frá Orðaforðalista MMS. Það hefur verið mjög vinsæll liður hjá okkur í Víkinni og eflir orðaforða barnanna.

## 2.3 Málörvun og lestur

Talið er að mikilvægur grunnur sé lagður að lestrargetu barna á fyrstu árum ævi þeirra. Rannsóknir sýna að ef lesið er fyrir börn strax við ungan aldur eflir það málþroska þeirra og orðaforða en góður málþroski eykur velgengni í námi síðar á lífsleiðinni (Bæklingur um mikilvægi lesturs, 2018, 25.september). Í Víkinni er lögð mikil áhersla á lestur bóka og að hlusta á sögur. Í rólegri stund snemma á morgnana gefst börnunum tækifæri til að skoða bækur inni á deild þá bæði ein í ró og næði eða í litlum hóp með eða án kennara. Starfsfólkið les reglulega einfaldar bækur fyrir allan barnahópinn í samverustund og eru þær bæði aðgengilegar á bókasafni Víkurinnar og á bókasafni grunnskólans. Eftir áramótin les starfsfólkið lengri framhaldssögur í samverustund eftir hádegismatinn t.d. Bláa Hnöttinn og fá svo börnin að horfa á leikritið saman fljótlega eftir að þau hafa lokið við lestur bókarinnar. Börnin fá einnig tækifæri til þess velja að hlusta á sögur á deildinni bæði allur hópurinn

saman í rólegri stund eða nokkur saman við borð á meðan þau æfa fínhyringar t.d. þegar þau perla, lita eða kubba.

## 2.4 Lubbi finnur málbein


Í Víkinni fara börnin í Lubbatíma einu sinni í viku í litlum hópum. Þá er yfirleitt deildinni skipt upp í tvo til þrjá hópa. Hópurinn fer með kennara í sér rými þar sem innlögn máhljóða fer fram. Lögð eru inn tvö máhljóð á viku yfir haustið og er markmiðið að ná að leggja inn öll máhljóðin í lok febrúar. Við upphaf Lubbatíma bjóðum við góðan daginn, börn og kennarar kynna sig með því að nota Lubba táknið. Hvert máhljóð á sitt eigið tákni. Þar næst er farið yfir hvaða máhljóð eru til umfjöllunar í tímanum. Sagan um máhljóðið er lesin úr Lubbabókinni, vísan er sungin, táknið æfð og fundið er orð sem byrja á máhljóðinu.



Atkvæði klöppuð með taktbretti



Lubbatími



Orð sem byrja á máhljóðinu sem verið er að leggja inn

Ástæða þess að Lubbaefnið er notað er vegna rannsókna sem sýna að hljóðnám eflir hljóðkerfisvitund barna og leggur góðan grunn að lestrarnámi. Efnið stuðlar að auðugum orðaforða og ýtir undir skýrari framburð (Lubbi finnur málbein, 2009, Eyrún Gísladóttir og Þóra Másdóttir.). Þegar formlegri innlögn er lokið er aukin áhersla á að tengja saman nám og leik. Það er til dæmis farið í bingó, búnað til þrautabrautir þar sem máhljóðin eru æfð, efnið tengt við grófhreyfingar og lærdóm máhljóða til dæmis með því að kasta bolta í kubba sem eru með föstu máhljóði á og svo lengi mætti telja.



*Kasta bolta í máhljóð sem eru föst á kubbum*

*Lubba bingó*

Þegar fer að vora eða þegar veðrið er gott yfir veturinn er farið út með Lubba og t.d. leitað að beinum sem tilheyra Lubba í nærumhverfi skólans.



*Útinám með Lubba*



Á hólum barnanna er nafnið þeirra og Lubba táknið þeirra. Eins inni á deildum erum við með Lubbabein sem merkingu á skúffum barnanna, heiti mánaða eru í Lubba stíl þar sem kemur fram tákn hvers mánaðar. Málhljóð vikunnar eru hengd upp á vegg þannig að þau séu sýnileg fyrir börn og foreldra/forráðarmenn. Lubbi er því einnig í umhverfi leikskólans eins og við á. Eftir vinnuna í verkefninu teljum við mikilvægt að leggja inn „að muna“ í Lubbatímum líka og ætlum við að efla þann þátt þar eins og í annarri málörvun í Víkinni.




*Málhljóð/bókstafur vikunnar*

## 2.5 Námsefni

Í upphafi haustannar 2022 var farið yfir bróðurpartinn af námsefninu okkar ásamt öllum bókum og spilum. Víkin á gríðarlega mikið af námsefni sem hefur lítið verið notað í gegnum árin en starfsfólk leikskólans fór í gegnum það og henti því sem var orðið úrelt og lögð var áhersla á að taka í notkun námsefni sem ekki hafði verið nýtt. Aðalnámsefnið sem er nýtt mikið í starfi er bókin um Lubba. Við notum námsefnið Stig af Stigi sem er efni sem eflir félagsfærni fyrir fjögurra til tíu ára börn og lykilhugtök í stærðfræði koma frá hugtakalista menntamálastofnunar. Annað efni sem við nýtum okkur í leikskólanum eru hljóðakassar Lubba, Lærum og leikum með hljóðin, ýmist efni sem við finnum á netinu t.d. frá Fjölbreyttri kennslu og svo heimatilbúið efni. Verkefni eru flest öll mjög áþreifanleg t.d. spil og leikir. Við notum líka einhver verkefnablöð en oftast einungis fyrir þá sem vilja vinna þannig vinnu.

Í upphafi haustannar litaflokkuðum við einnig efnið okkar með límmiðum en flokkunin er sýnd í kafla sjö.



*Dæmi um heimagerð námsefni merkt með litaflokkuninni*

## 2.6 Leikur og nám

Leikur er meginnámsleið barna. Hann skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn. Í leik geta börn unnið með og gert tilraunir með hugmyndir sínar og öðlast aukinn skilning og nýja þekkingu. Í leik skapast vettvangur þar sem spurningar vakna og börn leysa vandamál á eigin forsendum. Í leik eflast vitræni og skapandi þættir. Leikurinn kallar á fjölbreytta notkun tungumálsins, hreyfingu, félagsleg samskipti og tilfinningatengsl. Leikur getur virkjað sköpunarkraft barna og löngun þeirra til að læra og afla sér þekkingar (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011, bls. 27).

Leikurinn er því þungamiðja leikskólastarfsins þar sem hann getur bæði verið markmið og leið. Þegar leikur er nýttur sem leið eru sett fram tiltekin markmið sem eiga að nást í gegnum leikinn. Náms svið leikskólans samtvinnast inn í leik barna þegar starfsfólkið tengir markmið þeirra markvisst við leikinn. Kennarinn hefur þar það hlutverk að kynna börnunum nýja möguleika og skapa þannig sameiginlega reynslu sem nýtist í leiknum. Það er mikilvægt að kennari sé vakandi fyrir áhugamálum barnanna, því sem á sér stað, spyrja opinna spurninga og sýna starfinu áhuga. Kennarinn þarf að tryggja að börnin hafi nægjanlegt rými fyrir leikinn sem og góðan og samfelldan tíma. Með því fá börnin svigrúm til þess að

þróa leikinn og dýpka. Hann þarf einnig að styðja við og efla jákvæð samskipti í leik og sjá til þess að öll börn hafi tækifæri til þátttöku í leik bæði inni og úti (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011, bls. 27).

## 2.7 Stærðfræði og listasmiðja

Einn kennari af hverri deild myndar stærðfræðihóp starfsfólks sem sér um stærðfræðina þann veturinn, það er skipulag og utanumhald um efnið. Þessir kennarar sem sjá um stærðfræðina vinna saman sem ein heild til þess að tryggja að öll börn, óháð því á hvaða deild þau eru, fái nánast sömu kennslu og leiðsögn í Víkinni. Unnið er með ákveðin þemu fyrir hvern mánuð en hver kennari ákveður síðan hvernig kennslan á efninu fer fram inni á sinni deild. Hópurinn leggur þó áherslu á að deila öllum hugmyndum og vinna saman með það að markmiði að allir fái að hafa áhrif á kennslu barnanna. Lögð er áhersla á fjölbreyttar kennsluáferðir, þ.e. samtvinna nám í stærðfræði við m.a. ólíkan efnivið og verkefni í stýrðum og frjálsum leik, sköpun, útiveru, hreyfingu o.fl. svo þau upplifi að nám sé skemmtilegt.



*Börnin læra stærðfræði í gegnum allskonar leiki, hér eru þau að æfa talningu þar sem eitt barn raðar hinum börnunum í röð eftir tölunum 1-10.*

Stærðfræðikennslan fer þannig fram að stundin byrjar alltaf og endar eins. Starfsmaður og börn setjast í hring /eða stöndum í hring og segjum: „Velkominn í stærðfræðistundina“ og í lokin segjum við: „Takk fyrir stærðfræðistundina“. Eftir vinnu í

Þróunarverkefninu var ákveðið að efla þáttinn „muna“ með því að hjálpa börnunum að rifja upp hvað þau gerðu í stundinni. Í stærðfræði er tekið fyrir talning, flokkun, form, stærðfræðihugtök, afstöðuhugtök og fjöldahugtök. Allir tímar byrja á því að leggja inn námsefni dagsins og eftir það er verkefnavinna. Verkefnavinnan getur verið á samsvarandi námsefni og lagt var fyrir á blöðum, spil, klippa og líma, flokka, leikir, útiverkefni o.s.frv. Reynt er að hafa verkefnavinnuna sem fjölbreyttasta. Notuð eru allskonar heimatilbúin spil og leiki, við notum kubba s.s. einingakubba, Unifix kubba, Numicon, Lego og Duplókubba.



*Teikna mynd með hjálp Numicon kubba.*

Það fer mikil málörvun fram í stærðfræðitímum þar sem markvisst er verið að leggja inn mikið af nýjum orðum sem börnin hafa jafnvel ekki heyrt áður t.a.m ferhyrningur, ferningur, spaði, lauf, næst fremstur, næst aftastur o.s.frv. Börnin læra að nota stærðfræðihugtökin í réttu samhengi og skilja hvað þau þýða. Þau læra líka að tengja orð við myndir, t.d. að sjá þríhyrning upp á vegg og tengja þá orðið þríhyrningur við formið, eða tölurnar og fjöldann á bakvið tölurnar.





*Börnin læra um stærðarhugtökin stór/lítill og mæla hversu há þau eru að hausti og eru síðan mæld aftur að vori. Er þá hægt að sjá hversu mikið þau hafa stækkað hjá okkur í Víkinni.*




*Börnin læra um tölur með því að skoða húsnúmer, hvað felst í því að eiga heima í húsi númer 10? Sums staðar eru einungis sléttar eða oddatölur í botnlanga. Hér myndast frábærar umræður og börnin læra um leið sitt húsnúmer.*




*Börnin læra um spegilásinn og stærðarhugtökin í miðjunni og hálfur með því að teikna hinn helminginn af andlitinu sínu.*

Deildirnar fá afnot af listasmiðjunni einu sinni í viku en þar eru unnin allskonar listatengd verkefni. Einn kennari af hverri deild ber ábyrgð á faglegu starfi í listasmiðjunni og í upphafi annar ákveða þeir kennarar hvaða þemu verður unnið með það skólaár. Það þema sem unnir er með tengist yfirleitt menningu Vestmannaeyja t.d. í september er unnið með Lunda þar sem þá er nýafstaðið Lundapysju tímabil á Eyjunni okkar. Það er yfirleitt tekin umræða um þemað inn á deild og svo í kjölfarið er unnið með það í listasmiðju. Börn fara í litlum hópi með kennara í listasmiðjuna og fá þannig nægt rými og tíma til að ræða við kennarann um þemað og skapa listaverkið án þess að það litist af því sem næsta barn er að gera.



*Lunda listaverk í september mánuði*

Í september er einnig unnið með gerð sjálfsmyndar en þá fá börnin spegil, blað og fínan svartan penna og teikna sig sjálf. Þar skapast umræður um andlitsdrætti, líkamseiginleika o.s.frv. Í þessum aðstæðum skapast tækifæri fyrir kennara að efla og auka orðaforða barnanna með orðum sem þau heyra sjaldan. Sjálfsmyndin er svo endurtekin í maí og þá sjá börnin muninn á færni sinni í teikningu.




*Sjálfsmynd*

Í október er þemað haustið og þá er tekin skemmtileg umræða um laufblöðin og hvernig lafin breyta um lit og falla af trjánum. Í samverustundum læra börnin vísur um haustið og lög tengd árstíðinni. Í listasmiðju skapast því miklar umræður um árstíðaskiptin og þar læra börnin ýmis ný orð.



*Haust mynd*

Í nóvember er þemað sagan um Búkollu en við tengjum þá vinnu við dag íslenskrar tungu. Sagan er lesin fyrir börnin inn á deild og kennari útskýrir söguna vel fyrir þeim í smáatriðum. Í kjölfarið fara börnin í listasmiðjuna og teikna mynd úr sögunni. Þar fara þau ein með kennara þar sem þau endursegja einnig söguna og fylgir textinn með á myndinni. Þarna fer fram gríðarlega mikil og fjölbreytt málörvun, að auki hlusta börnin bæði á lestur kennara, fá góða útskýringu á sögunni í smáatriðum og fá tækifæri til endursegja söguna með kennara.



*Búkolla*


Í desember gera börnin jólagjöf til fjölskyldu sinnar en jólagjöfin er mynd í ramma. Börnin taka ákvörðun um hvað þau ætla að teikna og segja svo kennara hvað þau teiknuðu. Í þessari vinnu er ýtt bæði undir sköpun og frásögn með því að segja frá því sem gerist á myndinni ásamt því að kveikja á ímyndunaraflinu.




*Gerð jólagjafar*



Á vorönn eru þemað eldgosíð á Heimaey í janúar, þorrinn í febrúar, hafið í mars, fjölskyldan í apríl og svo sjálfsmyndin aftur í maí. Í allri þessari vinnu skapast mikil tækifæri til málörvunar og þá sérstaklega þar sem börnin eru mikið ein til tvö með kennara í einu. Leikskólastarfið býður almennt ekki upp á mörg svoleiðis tækifæri. Börnin eflast mikið í orðaforða, læra um mismunandi leiðir til sköpunar og efla fínhreyfingar sínar mikið.



*Eldgos í tengslum við Heimaeyjargosið í janúar 1973*



*Þorrinn – víkingaskip*

*Hafið – fiskur*

### 3. Snemmtæk íhlutun

Markmið sérkennslu í Víkinni er að jafna möguleika barna til að þroskast á þann veg að þau geti notið leikskóladvalar sinnar til fullnustu. Þegar vakna áhyggjur af þroska, hegðun eða líðan barns þá er farið eftir verkferli sérfræðiþjónustu leikskóla. Verkferilinn má sjá í fylgiskjali 1. Í Víkinni er starfandi sérkennslustjóri sem hefur það hlutverk að sinna þjálfun barna sem eiga annað móðurmál en íslensku og barna með frávik í þroska. Sérkennslustjóri heldur einnig utan um öll mál sem snúa að sérkennslu við leikskólann. Hann ber ábyrgð á skipulagningu og framkvæmd sérkennslunnar og aðstoðar deildarstjóra við gerð einstaklingsáætlana (sjá fylgiskjal 2) og einstaklingsnámskráa (sjá fylgiskjal 3). Hann sér um endurmat á sérkennslu og að upplýsa bæði deildarstjóra og foreldra um framvindu og framfarir barns í sérkennslu. Einnig fylgir hann eftir að meðferðar- og kennsluáætlanir annarra sérfræðinga sé framfylgt og heldur utan um undirbúning tilvísana og skýrslugerðir.

Sérkennslustjóri vinnur náið með sérkennsluráðgjafa leikskólanna varðandi sérkennslu og stuðning barna í Víkinni. Sérkennsluráðgjafi annast faglega ráðgjöf og stuðning við foreldra, leikskólastjóra og aðra starfsmenn leikskóla vegna barna sem njóta sérfræðiaðstoðar eða sérkennslu og fylgir greiningu eftir ef þurfa þykir. Sérkennsluráðgjafi framkvæmir skimanir og sérkennslustjóri sér um eftirfylgni eftir skimanir. Þeir meta í sameiningu hvort þörf sé á inngripi t.d. aðstoða deildarstjóra/stuðning barns við að útbúa félagsfærnisögur (sjá dæmi um félagsfærnisögu í fylgiskjali 4) og/eða hvort leita þurfi til utanaðkomandi sérfræðinga fyrir nánari greiningar á frávikum.

Verkefni sérkennslustjóra í Víkinni snúa einnig að miklu leyti að upplýsingaöflun og miðlun. Hann situr teymisfundi með foreldrum, deildarstjórum, stuðningsaðilum og öðrum fagaðilum með það að markmiði að tryggja að þörfum allra barna sé mætt. Hann veitir einnig öllu starfsfólki leikskólans sem og foreldrum stuðning og ráðgjöf með það að markmiði að ná heildarsýn á stöðu og líðan barnsins. Sérkennslustjóri er tengiliður í Víkinni í samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og situr í ráði nemendaverndar.

#### 3.1 Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna

Þann 1. janúar 2022 tóku í gildi ný lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Meginmarkmið laganna er að búa til umgjörð sem stuðlar að því að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana (lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021). Ákvæði laganna miða að því að formfesta

samstarf um veitingu þjónustu í þágu farsældar barna og skapa skilyrði til að unnt sé að bregðast fyrir við tilteknum aðstæðum eða erfiðleikum í lífi barns með viðeigandi stuðningi þegar þörf þykir. Með þessum lögum er fjölskyldum og börnum sem þurfa sértækan stuðning tryggður aðgangur að sérstökum tengilið eða málstjóra í nærumhverfi barnsins þar sem gert er ráð fyrir að börn eða fjölskyldur geti leitað til þeirra sem leiðir málið áfram. Þar er hægt að óska eftir virku samstarfi t.d. upplýsingamiðlun milli þeirra sem veita barni þjónustu með það markmið að stuðla að farsæld barns. Vestmannaeyjabær hefur unnið að innleiðingu laganna og geta foreldrar/forráðamenn í Vestmannaeyjum nú sótt um samþættingu þjónustu á innri vef bæjarins sem farið er inn á í gegnum heimasíðu Vestmannaeyjabæjar (Vestmannaeyjabær, e.d.).

## 3.2 Matstæki

Í Víkinni 5 ára deild eru lögð fyrir reglubundin matstæki til þess að meta stöðu barnanna og fá betri yfirsýn yfir hvaða þætti þarf að leggja sérstaklega áherslu á fyrir skólagönguna. Þegar börnin hefja leikskólagöngu í Víkinni fylgja með þeim TRAS skráningar frá leikskólunum Kirkjugerði og Sóla frá 2 ára aldri og halda leikskólakennarar Víkurinnar áfram með þær skráningar. Þegar börnin í Víkinni hafa lokið aðlögun að hausti þá er HLJÓM-2 próf lagt fyrir öll börnin. Aðalmatstækin okkar, sem við nýtum okkur fyrir öll börn eru því HLJÓM-2 og TRAS.

### 3.2.1 Hljóm-2



*HLJÓM-2*

HLJÓM-2 er aldursbundið próf í leikjaformi sem er lagt fyrir til að meta hljóðkerfis- og málvitund barna á fimmta aldursári á tímabilinu september-október. Með hljóðkerfisvitund er átt við að barnið geri sér grein fyrir að tungumál hefur ákveðið form og að það skiptir ekki bara máli hvað er sagt, heldur einnig hvernig það er sagt. Góður málþroski, þar á meðal góð hljóðkerfisvitund, eykur líkur á farsælu lestrarnámi. Prófið er

framkvæmt með það að markmiði að greina þau börn sem eru í áhættu vegna lestrarerfiðleika þegar formlegt lestrarnám hefst. Talið er að slök hljóðkerfis- og málvitund sé aðalorsök lestrarvanda hjá 9 af hverjum 10 börnum (Menntamálastofnun, e.d.). Niðurstöður þessara matstækja eru svo nýtt til að skipuleggja nánar starf okkar þann veturinn. HLJÓM-2 próf er svo tekið aftur á þeim börnum sem þurfa auka örvun í lok janúar og framhaldið hvað varðar íhlutun metið að nýju.

HLJÓM-2 metur eftirfarandi þætti: rím, samstöfur, samsett orð, hljóðgreiningu, margræð orð, orðhlutaeyðingu og hljóðtengingu. Niðurstöðurnar úr prófinu eru reiknaðar út frá lífaldri barnsins og eru flokkaðar á eftirfarandi hátt; góð færni, meðal færni, slök færni og mjög slök færni. Í framhaldi er unnið með börnunum í samræmi við þá niðurstöðu sem kom úr prófinu. Hjá þeim börnum sem fá niðurstöðuna slök eða mjög slök færni er aftur lagt fyrir sama próf í janúar eftir íhlutun (Ingibjörg Símonardóttir, Jóhanna Einarsdóttir og Amalía Björnsdóttir, 2002).

Hér má sjá töflu sem sýnir hvaða ferlar fara í gang eftir að niðurstöður úr HLJÓM-2 berast:


Góð færni/meðalfærni	Slök/mjög slök færni í einstaka prófpáttum	Slök eða mjög slök heildarniðurstaða úr HLJÓM-2
Deildarstjóri afhendir foreldrum blað með niðurstöðum (sjá viðauka 5).  Vinna inn á deildum með þætti úr HLJÓM-2 og halda áfram að efla hljóðkerfisvitund.	Deildarstjóri ræðir niðurstöður við foreldra og bendi á úrræði sem hægt er að vinna með heima (sjá viðauka 5).  Unnið með slaka þætti úr HLJÓM-2 inn á deild. Deildarstjóri ber ábyrgð á þeirri vinnu.	Deildarstjóri og sérkennsluráðgjafi/sérkennslustjóri boða foreldra á fund og farið yfir niðurstöður og úrræði sem hægt er að vinna með heima (sjá viðauka 5).  Gerð einstaklingsáætlun ef hún er ekki til. Annars farið yfir gögn sem til eru um barnið.  HLJÓM-2 lagt aftur fyrir í janúar/febrúar  Farið yfir áætlun og send tilvísun til talmeinafræðings ef þörf þykir.

Eftir að niðurstöður HLJÓM-2 liggja fyrir þá afhendir Víkin leikskólunum Kirkjugerði og Sóla niðurstöður fyrir þá nemendur sem voru hjá þeim áður en þeir komu í Víkina. Leikskólarnir geta þá rýnt í niðurstöður og ígrundað um hvað hefur gengið vel og hvað má



betur fara í starfinu. Að sama skapi fær Grunnskóli Vestmannaeyja niðurstöður nemenda við upphaf skólagöngu sem gerir kennurunum kleift að meta þarfir nemenda og meta hverjir þurfa mögulega meiri stuðning í lestrarnámi.

### 3.2.2 TRAS



*Tras skráningarblað*

TRAS er skráningarlisti sem leikskólakennari eða annar fagaðili sem sótt hefur réttindanámskeið skráir svör við ákveðnum spurningum til þess að fá heildarsýn um stöðu barns hvað varðar málþroska. Skráningin hefst þegar barnið er rúmlega tveggja ára gamalt og lýkur við fimm ára aldur. Skráð er tvisvar á ári með sex mánaða millibili. Spurningarnar á skráningarblaðinu eru flokkaðar í þrjú færnisvið sem hvert um sig skiptist í nokkra þætti:

- Samleikur/félagsfærni, tjáskipti/samskipti og athygli/einbeiting
- Málskilningur og málvitund
- Framburður, orðaforði og setningamyndun

(Wagner, 2011).

Hér má sjá töflu sem sýnir hvaða ferlar fara í gang eftir að lesið er út úr TRAS gögnunum:

### TRAS verkferill

Lagt fyrir öll börn tvisvar á ári.

Allir / nánast allir kassar fylltir út - engar áhyggjur	Flestir kassar fylltir út - litlar áhyggjur	Margir kassar óútfylltir - áhyggjur
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Deildarstjóri sýnir foreldrum TRAS-hringinn í foreldraviðtali.</li> <li>• Vinna inn á deildum með þá þætti sem eru teknir fram í prófinu, með það að markmiði að efla börnin enn frekar í sinni færni og þekkingu.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Deildarstjóri sýnir foreldrum TRAS-hringinn í foreldraviðtali. Þar er farið yfir úrræði sem hægt er að vinna með heima.</li> <li>• Unnið með slaka þætti úr TRAS inni á deild og í litlum hópum.</li> <li>• Deildarstjóri og sérkennslustjóri skrá aftur í TRAS hringinn eftir áramót og meta stöðuna á þeim þáttum sem voru slakir. Meta hvort barnið þurfi frekari þjálfun eða annað inngríp.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Deildastjóri og sérkennslustjóri boða foreldra á fund og farið yfir TRAS-hringinn og úrræði sem hægt er að vinna með heima.</li> <li>• Gerð einstaklingsáætlun ef hún er ekki til. Annars farið yfir gögn sem til eru um barnið.</li> <li>• Unnið með slaka þætti úr TRAS inni á deild og í sérkennslurými með sérkennslustjóra.</li> <li>• Deildarstjóri og sérkennslustjóri skrá aftur í TRAS hringinn eftir áramót og meta framfarir.</li> <li>• Farið yfir áætlun og send tilvísun til talmeinafræðings og/eða sálfræðings ef þörf þykir.</li> </ul>

Ef niðurstöður úr HLJÓM-2 og TRAS eru fyrir neðan meðaltal fer íhlutun og foreldrasamvinna í gang og eru lögð fyrir fleiri matstæki eftir þörfum. Önnur matstæki sem lögð eru fyrir á Víkinni eru Íslenski þroskalistinn, Íslenski Málhljóðamælirinn og AEPS, eftir því sem við á.

### 3.2.3 Íslenski þroskalistinn



*Íslenski þroskalistinn*

Íslenski þroskalistinn er ætlaður eldri börnum (3-6 ára). Þar er verið að meta mál- og hreyfiþroska barna og fylla mæður út lista með stöðluðum spurningum um mál- og hreyfifærni barna sinna. Prófbættir listans eru hreyfiþáttur (grófhreyfingar, fínhreyfingar og sjálfsbjörg) og málþáttur (hlustun, tal og nám). Þegar prófbættirnir eru teknir saman er hægt að skoða þroskatölu sem gefur til kynna almennan þroska barns miðað við jafnaldra að mati móður (Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson, 2020a).

### 3.2.4 Íslenski máhljóðamælirinn



*Íslenski máhljóðamælirinn*

Íslenski máhljóðamælirinn er skimunartæki í spjaldtölvu (iPad) sem ætlað er fagaðilum í leik- og grunnskóla og stofnunum. Með forritinu er hægt að skima framburð íslensku máhljóðanna og meta skiljanleika tals. Í lok skimunar er samantekt sjálfkrafa tilbúin með upplýsingum um stöðu barns. Hægt er að bæta við upplýsingum í samantektina, vista hana, senda og/eða prenta út. Í forritinu eru innbyggð aldursviðmið svo það kemur strax í ljós hvort framburður barns samsvarar getu jafnaldra. Bent er á hvaða máhljóð þarf að þjálf til að laða fram réttan framburð (Raddlist ehf/Lærum og leikum með hljóðin, 2013). Foreldrar fá þessa skýrslu auk skilablaðs með ráðum hvernig þeir geti ýtt undir réttan framburð (sjá fylgiskjal nr. 6).

### 3.2.5 AEPS



AEPS.

AEPS er færnimiðað matskerfi. Matstækið metur getu barns frá fæðingu til sex ára aldurs, það metur hvar barn er stutt og hvaða færni þarf að vinna með. Það eru listar fyrir bæði foreldra og fagfólk. Listarnir meta færni barna á sex þroskasviðum þ.e. fínhyrfingum, grófhreyfingum, færni í daglegum athöfnum, vitsmunabátt, félagsleg tjáskipti og félagsleg samskipti. Matstækið er hagnýtt kerfi sem nýtist við gerð einstaklingsnámskrár. Það veitir góða mynd af styrkleikum og veikleikum í þroska barns. Unnin eru markmið út frá AEPS listanum í samstarfi við foreldra og fagaðila. (Bricker, 2002).

## 4. Foreldrasamstarf

Við upphaf leikskólagöngu er lagður grunnur að samstarfi heimilis og skóla. Þar þurfa samskipti að einkennast af samvinnu, gagnkvæmri virðingu og skilningi fyrir ólíkum viðhorfum og tilfinningum. Mikilvægt er að nýta þau tækifæri sem gefast til daglegra samskipta eins og þegar foreldrar koma með börn sín í leikskólann og þegar þau eru sótt. Þar er meðal annars hægt að gefa foreldrum upplýsingar um starfið í leikskólanum, líðan og þroska barnsins og hlusta á skoðanir og hugmyndir foreldra. Það skiptir miklu máli að það ríki traust á milli heimilis og skóla og að allir aðilar upplifi að þeir geti deilt sjónarmiðum sínum og teknar séu sameiginlegar ákvarðanir sem varða einstök börn (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011, bls. 33).

### 4.1 Foreldrasamstarf í Víkinni

Gott samstarf er við foreldra í Víkinni og dagleg samskipti fara fram í fataklefa leikskólans þegar foreldrar koma með börnin og sækja. Þá upplýsum við foreldra um hvernig dagur barnsins var, látum vita ef það kom eitthvað sérstakt upp á eða ræðum önnur mál sem liggur foreldrum eða kennara á hjarta. Einnig geta samskipti foreldra við kennara farið fram í gegnum Karellen og hvetjum við foreldra til þess að kynna sér þann samskiptamáta strax í



upphafi haustannar. Foreldrar hafa þó einnig verið að senda deildarstjórum tölvupósta sem er mjög góður vettvangur ef það er eitthvað sem foreldrar vilja einungis að deildarstjóri sjái. Eins nýta deildarstjórnir sér að hringja í foreldri ef það er eitthvað sérstakt og við bjóðum foreldrum upp á að hringja ef það er eitthvað. Aðrir starfsmenn deildarinnar eru auðvitað í miklum samskiptum við foreldra og láta deildarstjóra vita ef það er eitthvað sérstakt sem þarf að skoða eða ræða betur. Við sérstök mál t.d. ef barn er að þiggja stuðning í leikskólanum eða er í einhverskonar ferli hjá sálfræðingi, sérkennara eða öðrum þá eru haldnir teymisfundir reglulega yfir skólaárið.

## 4.2 Flutningur barna frá Kirkjugerði og Sóla yfir í Víkina

Venja er að á Skóladegi Hamarsskóla fær næsti árgangur sem væntanlegur er í Víkina boð um að koma í heimsókn og skoða leikskólann. Eins koma börnin í tvær stuttar heimsóknir að vori með kennurunum sínum og fá innsýn inn í leikskólasterfið í Víkinni.

Í mars/apríl áður en nýr árgangur byrjar í Víkinni að hausti hitta deildarstjórnar Víkurinnar bæði hóp- og deildarstjóra af Kirkjugerði og Sóla. Þar fara kennararnir yfir barnahópana, segja frá einstaka börnum og í kjölfarið skipta deildarstjórnar Víkurinnar ásamt aðstoðarleikskólastjóra börnunum niður á deildir. Í júní boða deildarstjórnar foreldra í foreldraviðtal þar sem þeir fá upplýsingar um á hvaða deild barnið þeirra fer og deildarstjóri fær nauðsynlegar upplýsingar um barnið frá foreldrum. Yfirleitt hefja börnin svo leikskólagöngu sína í Víkinni í ágústlok. Verkferill Vestmannaeyjabæjar segir samt sem áður að inntökutímabil barna í Víkinni sé frá maí – ágúst.

## 4.3 Flutningur barna frá Víkinni yfir í GRV

Víkin 5 ára deild er staðsett í Grunnskóla Vestmannaeyja þar sem börnin munu koma til með að vera í 1-4 bekk. Eftir að börnin hafa verið heilan vetur í Víkinni hafa þau fengið góða aðlögun fyrir skólagönguna þar sem þau þekkja bæði húsnæðið og útisvæði skólans vel og reglurnar sem þar gilda.

Í maí fá börnin í Víkinni tækifæri til þess að fara í vorskóla í einn dag frá klukkan 13-15. Börnin mæta þá í Víkina eins og venjan er en eru svo sótt af umsjónarkennara inn á deildina og fá að fara í heimsókn í sína umsjónarstofu. Þar kynnast börnin kennaranum sínum, vinna verkefni og borða nesti sem þau koma með að heiman. Síðan fá þau að fara í útiveru með kennaranum þar sem þau fá leyfi til þess að leika frjálst í kringum allan skólann í engu vesti. Eftir að vorskólanum líkur fara börnin aftur á sína deild í Víkinni.

Áður en grunnskólakennarar fara í sumarleyfi hittast stjórnendur Víkurinnar og grunnskólans og ræða um börnin sem þurfa stuðning í námi. Sérkennslustjóri sækir um málörvun og/eða félagsfærniþjálfun í námsver fyrir þau börn sem þurfa á slíkri þjónustu að halda í grunnskólanum. Deildarstjórar hitta umsjónarkennara sem tekur við þeirra deild þar sem umsjónarkennarinn fær góða heildarsýn á stöðu barnanna. Öll gögn fylgja börnunum yfir í grunnskólann, þ.e. upplýsingar úr skimunum, pappírar frá sérfræðingum, einstaklingsnámskrár, einstaklingsáætlanir og annað sem gefa góðar upplýsingar um stöðu barnanna. Þar sem Víkin er í sama húsnæði og grunnskólinn þá er lögð rík áhersla á gott samstarf og að stjórnendur og umsjónarkennarar geti ávalt leitað ráða til starfsfólks Víkurinnar um börnin eftir að grunnskólaganga þeirra hefst. Er það gert með hagsmuni barnanna að leiðarljósi í von um að þau muni öll eiga góða skólagöngu.

#### 4.4 Foreldraráð/foreldrafélag og uppákomur í Víkinni

Í upphafi haustannar er kynningarfundur fyrir foreldra um starfsemi Víkurinnar. Þar óskum við eftir einstaklingum sem hafa áhuga á setu í foreldraráði og foreldrafélagi. Aðrar uppákomur í Víkinni eru t.d. foreldrakaffi sem er ýmist að morgni til þar sem foreldrar koma í morgunmat með barninu sínu eða seinnipartinn og þar sem boðið er upp á kaffiveitingar. Almenn foreldraviðtöl eru svo yfirleitt í mars mánuði en þá fá foreldrar upplýsingar um hvernig börnum þeirra gengur í leikskólanum. Við erum auðvitað í mjög nánum samskiptum við foreldra daglega svo í viðtalinu erum við aðallega að fara yfir almenna færni bæði félagslega og námslega. Í maí er svo útskrift barnanna í Víkinni, þó að þau séu yfirleitt hjá okkur fram að sumarfríi teljum við gott að hafa útskriftina sjálfa í maí því börnin eru oft í fríi með fjölskyldu yfir sumarið og mæta því minna í leikskólann.



*Foreldraheimsókn*

## 5. Börn af erlendum uppruna

Barn tileinkar sér tungumál til þess að eiga í samskiptum við einstaklinga í umhverfi sínu (Vygotsky, 1978, bls. 89). Skilgreining á móðurmáli samkvæmt íslenski orðabók er „mál sem einhver hefur lært sem barn og er alinn upp við“ (Mörður Árnason, Árni Böðvarsson og Laufey Leifsdóttir, 2010, bls. 679). Barn er talið eintyngt (e. monolingual) ef það talar eitt tungumál, tvítyngt (e. bilingual) ef það talar tvö tungumál og fjöltyngt (e. multilingual) ef það talar fleiri en tvö tungumál (Sigurður Konráðsson, 2007, bls. 138; Þórdís Gísladóttir, 2004, bls. 146).

Sérstaða tví- og fjöltyngdra barna er sú að máltaka þeirra dreifist á tvö eða fleiri tungumál. Það tekur tví- og fjöltyngt barn lengri tíma að læra tungumálin tvö eða fleiri heldur en það tekur eintyngt barn að læra eitt. Er það vegna þess að hraði máltökunnar er að einhverju leyti háð hversu miklum tíma þau verja í hvert tungumál (Elín Þöll Þórðardóttir, 2007, bls. 124). Niðurstöður fjölmargra rannsókna gefa til kynna að það þurfi ekki að forða börnum frá tví- og fjöltyngi heldur er tímabært að samfélagið og skólakerfið einblíni frekar á að koma betur til móts við börn með annað móðurmál með því að leggja meiri áherslu á fjölbreytileika og umburðarlyndi (Þórdís Gísladóttir, 2004, bls. 152).

Móðurmál skiptir sköpum fyrir þróun sjálfsmyndar, sjálfsvirðingar og vellíðan hjá barni (Hassanzadeh o.fl., 2011, bls. 41). Margar rannsóknir benda sterklega til þess að góður grunnur í fyrsta máli barnsins og áframhaldandi örvun þess máls auki getu barnsins til þess að tileinka sér annað mál (Durán, Roseth og Hoffman, 2010, bls. 215; Gutierrez-Clellen og Kreiter, 2003, bls. 277; Hassanzadeh o.fl., 2011, bls. 41; Kohnert, Yim, Nett, Kan og Duran, 2005, bls. 256; Sigríður Ólafsdóttir, 2010, bls. 16). Þess vegna er ekki talið æskilegt að móðurmálið víki fyrir nýju máli, heldur að kunnátta barnsins á báðum tungumálum styrkist samhliða og að þau styðji við hvort annað (Elín Þöll Þórðardóttir, 2007, bls. 118). Með því að horfa á tví- og fjöltyngd börn sem einstaklinga sem eru að þróa með sér tvö tungumál á sama tíma, viðurkennum við mikilvægi móðurmáls þeirra og stuðlum að virku tvítyngi (Chumak-Horbatch, 2012, bls. 23). Tungumál tví- og fjöltyngdra barna vinna saman og það er sterk tenging á milli þeirra. Þrátt fyrir að tungumálin virðast ólík á yfirborðinu þá eru þau ekki aðskilin. Í réttum aðstæðum og með viðeigandi hvatningu og örvun tengjast tungumál barnsins og færnin eykst á báðum málunum (Chumak-Horbatch, 2012, bls. 27).

Í velheppnuðum skóla margbreytileikans er lögð áhersla á að öll börn geti tekið þátt í námi og starfi (Ferguson o.fl., 2012, bls. 3). Það er hlutverk leikskólakennara að styðja börnin til að finna leiðir til að ná markmiðum sínum. Mikilvægt er að kennarinn leggi áherslu á

hvatningu og hrós í samskiptum til þess að stuðla að því að börnin myndi trú á eigin getu og færni til þess að tileinka sér nýja tungumálið (Samúel Lefever og Inga Karlsdóttir, 2010, bls. 118-119).

Mikilvægt að ákveðin vitundarvakning eigi sér stað um mikilvægi móðurmáls fyrir vellíðan barns og sjálfsmýnd. Leikskólar landsins þurfa því að gæta þess að börnin finni að kunnátta þeirra á móðurmálinu skipti máli. Þetta má gera án þess að vera með formlega kennslu á öðru tungumáli heldur eingöngu með því að sýna því áhuga þegar börnin nota móðurmálið í samskiptum, biðja þau um að þýða það sem sagt var og alls ekki banna börnum að nota móðurmál sitt í leikskólanum eða bregðast við með pirringi þegar það kemur fyrir. Það má ekki gleymast að eðlilegt umhverfi tví- og fjöltyngdra barna einkennist af samskiptum á fleiri en einu tungumáli og að þeim sé ekki hjálp í því að vera þröngvað til eintyngis. Tví- og fjöltyngd börn þurfa sömu aðstæður og eintyngd börn til þess að þróa með sér tungumálafærni, þ.e. umhverfi fullt af örvun og hvatningu (Elín Þöll Þórðardóttir, 2007, bls. 121-124).

### 5.1 Tví- og fjöltyngd börn í Víkinni

Mikil vitundarvakning hefur orðið meðal starfsfólks Víkurinnar um mikilvægi móðurmáls og menningar fyrir sjálfsmýnd og vellíðan allra barna. Á hverju ári koma börn í Víkina sem eiga annað móðurmál en íslensku og tilheyra ólíkri menningu en við þekkjum hér á landi. Í fataklefanum má finna fána allra barna í Víkinni og fyrir neðan hvern fána stendur „Góðan daginn“ á því tungumáli. Fyrir framan hverja deild má svo finna plakat með fánunum barnanna á deildinni. Í stærðfræði er lagt upp með að leggja inn tölurnar á þeim tungumálum sem eru töluð á deildinni. Starfsfólk Víkurinnar fær svo upplýsingar um ólíkar hefðir t.d. á jólunum frá foreldrum og miðlar þeim upplýsingum til barnanna á deildinni í samverustund.

Í apríl á hverju ári er fjölmenningsvika í Víkinni þar sem fjallað er um mismunandi menningarheima og börn með annað móðurmál fá tækifæki á að koma með eitthvað að heiman sem tengist þeirra landi. Það getur verið matur, bækur, nammi eða eitthvað sem fjölskyldunni dettur í hug. Að samtvinna móðurmál og menningu tví- og fjöltyngdra barna er í stöðugri þróun og er starfsfólk Víkurinnar opið fyrir því að nýta sem flest tækifæri til þess að kynna börnunum fyrir ólíkum tungumálum, hefðum og menningarheimum.



## 6. Samstarf leik- og grunnskóla

Líkt og hefur komið fram er Víkin 5 ára deild í GRV og við erum staðsett í sér álmu innan Hamarsskólans sem er starfsstöð 1.-4. bekkjar. Í sama húsnæði er einnig starfrækt frístundarver sem nýtist börnum sem eftir skóla úrræði í a.m.k. 1 og 2. bekk. Samstarf okkar við skólann er margvíslegt en alls ekki fullkomið og erum við sífellt að læra hvað má betur fara. Daglegt samstarf fer að mestu leyti fram í því að við borðum hádegisverð í matsal skólans ásamt öðrum nemendum. Það tengir okkur við skólann þar sem börnin kynnast starfsfólki í matsalnum ásamt skólaliðum á göngum. Börnin í Víkinni fara einnig í íþróttir í íþróttamiðstöðinni einu sinni í viku undir handleiðslu íþróttakennara GRV. Þar læra þau leiðina í íþróttahúsið, að klæða sig í og úr íþróttafötum og að fylgja fyrirmælum íþróttakennarans. Eftir áramót fara börnin einnig í dans tíma í sal Hamarsskóla þar sem þau æfa sig í dansi með danskennara og taka svo þátt í danssýningu GRV í sumarbyrjun. Börnin fara einnig í tónlistartíma einu sinni í viku þar sem tónlistarkennari grunnskólans kemur inn á deild og syngur og spilar á gítar með börnunum. Börnin fá stundum að prófa ýmis hljóðfæri, þessir tímar eru alltaf jafn vinsælir. Börnin taka einnig þátt í söng á sal, þorrablóti og einstaka tilbreytingadögum með nemendum grunnskólans. Börnin fá því mikla þjálfun í því sem koma skal í skólanum. Að auki tekur Víkin þátt í Skóladegi Hamarsskóla þar sem foreldrum gefst tækifæri á að koma með börnunum sínum og kíkja á verk nemenda í öllum skólanum. Þar sem útilóðin í leikskólanum er ekki afgirt læra börnin fljótt hvar þau mega vera í útiveru og eru grunnskólabörnin oft með í leik þegar þau eiga frímínútur. Samstarf á milli leik- og grunnskóla er því töluvert en það má alltaf bæta og gera betur ár hvert. Samstarfið er í sífelldri endurskoðun.


## 7. Flokkun á námsefni

Starfsfólk Víkurinnar ákvað að skoða aðrar handbækur til þess að fá innsýn inn í hvernig aðrir leikskólar væru að flokka sitt námsefni. Ákveðið var að nýta þá þekkingu til að útbúa flokkun á efni skólans sem hefur reynst vel. Til þess að aðgreina námsefnið var ákveðið að styðjast við límmiða í nokkrum litum þar sem hver litur merkir ákveðna áherslu sem nýtist í málörvun með börnunum. Starfsdagar voru nýttir við flokkun námsefnis sem kom sér mjög vel þar sem allt starfsfólk tók virkan þátt og sýndi flokkuninni áhuga. Hér fyrir neðan má sjá hvernig flokkunin í Víkinni er uppsett.

# Flokkun á málörvunarefni

	<b>Orðaforði</b>	Er það safn orða sem einstaklingur hefur á valdi sínu		<b>Hljóðkerfis vitund</b>	Undirþættir HLJÓM2 Rím, klappa atkvæði, orðhlutaeyðing o.s.frv.
	<b>Málskilningur</b>	Skilningur á orðum og setningum máls		<b>Málfræði</b>	Fleirtala, nútíð/pátíð, stigbreyting o.s.frv.
	<b>Heyrnarminni</b>	Það að muna sem maður heyrir		<b>Félagsfærni</b>	Færni til að haga sér á viðeigandi hátt eftir aðstæðum
	<b>Setningarfræði</b>	Hvernig orð raðast saman í setningu		<b>Stærðfræði</b>	Tölur, talnagildi, flokkun, form

## Flokkun á málörvunarefni



Örsögur merktar með litaflokkun. Grænn táknar heyrnarminni og rauður málskilning.

## Lokaorð

Vinnan í tengslum við þróunarverkefnið hefur verið gefandi og uppbyggileg þetta skólaárið. Þegar sú hugmynd kom upp að taka þátt í verkefninu þá var starfsfólk Víkurinnar ekki með neinar fyrirfram ákveðnar hugmyndir um hvaða vinna væri í vændum. Vinnan að verkefninu hófst í ágúst 2022 og varð til vettvangur til þess að ígrunda vel um starfið í Víkinni. Starfsfólkið fékk tækifæri til þess að segja frá sínum skoðunum nafnlaust um hvað gengur vel og hvað má betur fara. Með því var hægt að tryggja að allt starfsfólkið fékk tækifæri til þess að hafa áhrif á starfið og gerð handbókarinnar fyrir Víkina. Þrátt fyrir að þróunarverkefninu sé nú lokið með skilum á handbókinni er vinnan sem slík rétt að hefjast. Starfsfólk Víkurinnar ætlar að setja sér það markmið að temja sér nýja starfshætti í tengslum við málörvunarstundir og almenna málörvun í allri kennslu. Stefnt er að því að handbókin sé lifandi skjal og að hún sé yfirfarin a.m.k árlega. Einnig er stefnt að því að kynna handbókina fyrir foreldrum nýs árgangs í upphafi haustannar 2023 og hafa hana aðgengilega á heimasíðu skólans fyrir foreldra til að skoða. Eins verður handbókin aðgengileg á hverri deild sem og á skrifstofu aðstoðarleikskólastjóra þar sem allt starfsfólk getur nýtt sér hana í undirbúningstíma. Skólaskrifstofa Vestmannaeyjabæjar mun fá rafrænt eintak og verkefnastjórar þróunarverkefnisins munu einnig fá afrit af handbók Víkurinnar. Handbókina skrifuðu Guðrún Sigríður Þorsteinsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri, Hildur Rún Róbertsdóttir, deildarstjóri, Linda Óskarsdóttir, sérkennslustjóri ásamt öðru starfsfólki Víkurinnar.

Sérstakar þakkir fá Ásthildur Bj. Snorradóttir og Halldóra Guðlaugu Helgadóttir fyrir mikla leiðsögn í verkefnavinnunni. Einnig vill starfsfólk Víkurinnar þakka kennurum á Kirkjugerði og Sóla fyrir samfylgdina í verkefninu sem og Guðrúnu Benónýsdóttur, sérkennsluráðgjafa Vestmannaeyjabæjar fyrir aðstoð og eftirfylgni.

Vestmannaeyjum, 20. júní 2023

Fyrir hönd Víkurinnar,

Guðrún Sigríður Þorsteinsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri.

## Heimildir

- Bricker, Diana. (2002). *AEPS assessment, evaluation, and programming system for infants and children: Administration guide* (2 útgáfa). Baltimore: Paul H. Brookes Publishing Co.
- Bæklingar um mikilvægi lesturs. (2018, 25.september). Hafnarfjordur.is. <https://hafnarfjordur.is/baeklingar-um-mikilvaegi-lesturs/>
- Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson. (2020a). *Íslenski þroskalistinn og Smábarnalistinn*. Sótt frá <http://throski.is/islenski-throskalistinn>
- Elín Þöll Þórðardóttir. (2007). Móðurmál og tvítyngi. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstjórar), *Fjölmennning á Íslandi* (bls. 101–128). Reykjavík: Háskólaútgáfan
- Chumak-Horbatsch, R. (2012). *Linguistically appropriate practice: A guide for working with young immigrant children*. Canada: University of Toronto Press.
- Durán, L. K., Roseth, C. J. og Hoffman, P. (2010). An experimental study comparing english-only and transitional bilingual education on spanish-speaking preschoolers' early literacy development. *Early childhood research quarterly*, 25, 207–217.
- Ferguson, D. L., Ralph, G., Meyer, G., Lester, J., Droege, C., Hafdís Guðmundsdóttir, Sampson, N. K. og Williams, J. (2012). *Nám fyrir alla. Undirbúningur, kennsla og mat í skóla margbreytileikans*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Gutierrez-Clellen, V. og Kreiter, J. (2003). Understanding child bilingual acquisition using parent and teacher reports. *Applied psycholinguistics*, 24, 267–288
- Hassanzadeh, N., Shayegh, K. og Hoseini, F. (2011). The impact of education and awareness in mother tongue grammar on learning foreign language writing skill. *Journal of Academic and Applied Studies*, 1(3), 39–59.
- Kohnert, K., Yim, D., Nett, K., Kan, P. og Duran, L. (2005). Intervention with linguistically diverse preschool children: A focus on developing home language(s). *Language, speech and hearing services in schools*, 36, 251–263.
- Lubbi finnur málbein. (2009). Eyrún Gísladóttir og Þóra Másdóttir.
- Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.
- Menntamálastofnun. (e.d.). HLJÓM-2. mms.is. <https://mms.is/hljom-2-0>.

- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011). Aðalnámskrá leikskóla 2011. Sótt 29. september 2022 af [https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-leiksk\\_vefur.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-leiksk_vefur.pdf)
- Mörður Árnason, Árni Böðvarsson og Laufey Leifsdóttir. (2010). Íslensk orðabók. (5. útgáfa). Reykjavík: Forlagið.
- Raddlist ehf/Lærum og leikum með hljóðin. (2013). Íslenski máhljóðamælirinn. Sótt af: <https://laerumogleikum.is/vefverslun/islenski-malhljodamaelirinn/islenski-malhljodamaelirinn-rettindanamskeid-fjarnamskeid-fostudaginn-3-mars-2023/>
- Samúel Lefever og Inga Karlsdóttir. (2010). Kennslufræði annars máls. Í Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir (ritstjórar), Fjölmennning og skólastarf (bls. 109–127). Reykjavík: Háskólaútgáfan
- Sigríður Ólafsdóttir. (2010). Íslenskur orðaforði íslenskra grunnskólanema sem eiga annað móðurmál en íslensku (útgefin meistararitgerð). Reykjavík: Háskóli Íslands. Sótt 10. febrúar af <https://hdl.handle.net/1946/4612>
- Sigurður Konráðsson. (2007). Íslenska: Móðurmál og annað mál. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstjórar), Fjölmennning á Íslandi (bls. 131–149). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Vestmannaeyjabær. (e.d.). Leikskólar. Vestmannaeyjar.is.  
<https://www.vestmannaeyjar.is/thjonusta/born-og-menntun/leikskolar/vikin>).
- Vestmannaeyjabær. (e.d.). *Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna*. Vestmannaeyjar.is.  
<https://www.vestmannaeyjar.is/thjonusta/born-og-menntun/samthaetting-thjonustu-i-thagu-farsaeldar-barna/samthaetting-thjonustu-i-thagu-farsaeldar-barna>).
- Þórdís Gísladóttir. (2004). Hvað er tvítyngi? Ritið, 4(1), 143–157




## Fylgiskjöl

## Fylgiskjal nr. 1 – Sérfræðipjónusta leikskóla – verkferill Vestmannaeyjabæjar



Sérfræðipjónusta leikskóla\_verkferill-2022 (1).pdf



Fylgiskjal nr. 2 – Einstaklingsáætlun



Einstaklingsáætlun.pdf

**EINSTAKLINGSÁÆTLUN**

Nemandi \_\_\_\_\_  
kt \_\_\_\_\_ Leikskóli \_\_\_\_\_

**Markmið áætlunar:**

\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

**Stuðningur leikskóla (Hvaða þætti á að þjálf og hvernig):**

\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

**Stuðningur heimilis:**

\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

Dagsetning: \_\_\_\_\_

Undirskrift deildarstjóra:	Undirskrift foreldris/forsjáraðila:
_____	_____
Undirskrift leikskólalastjóra	Undirskrift foreldris/forsjáraðila
_____	_____

## Fylgiskjal nr. 3 – Einstaklingsnámskrá



EinstaklingsnámskráNÝ.pdf



## Einstaklingsnámskrá

Nafn nemanda: \_\_\_\_\_ kt: \_\_\_\_\_

Leikskóli: \_\_\_\_\_ Deild: \_\_\_\_\_

Forgangur í þjálfun barns er:

- Málörvun
- Örva samskipti
- Leikþjálfun
- Þjálfun vegna hegðunarvandkvæða
- Annað \_\_\_\_\_

Upplýsingar varðandi barn og þjálfun:

---



---



---

## Þarfagreining nemenda

<i>Sérþarfir sem krefjast stuðnings umfram það sem aldurssvarandi börn á sömu deild þurfa:</i>	Já	Að e-u leyti	Nei	Nafn þess sem annast framkvæmdir:	Hvað er gert:	Lýsing á því starfssvæði og aðstæðum þar sem þjálfunin fer fram:
<i>Hreyfiproski</i> Grófhreyfingar						
<i>Hreyfiproski</i> Fínhreyfingar						
<i>Málþroski</i> Orðaforði og skilningur						
<i>Málþroski</i> Tjáning						

## Fylgiskjal nr. 4 – Félagsfærnisaga



félagsfærnisaga dæmi.pdf

Ég heiti ...

Ég er 5 ára gamall

Ég er duglegur strákur

Leikskólinn minn heitir Víkin

Þar er gaman að vera

Það er svo gaman að vera glaður í leikskólanum

Þegar við förum í mat þá fara krakkarnir í röð og ganga niður í matsalinn. Ég ætla að fara glaður í röð og vera duglegur.

Ég fæ mat á diskinn minn og sest í sætið mitt.



Ég er duglegur að borða matinn minn.



## Fylgiskjal nr. 5 – Blað til foreldra með niðurstöðum úr HLJÓM-2



Niðurstöður Hljóm-2.pdf

Nafn: \_\_\_\_\_

**Niðurstöður HLJÓM-prófs**

HLJÓM2 prófið er matstæki sem er notað til að meta þroska hljóðkerfisvitundar hjá 5 ára gömlum börnum.

**Niðurstöður skiptast í góða færni, meðalfærni, slaka færni og mjög slaka færni.**

**Sýni heildarniðurstaða prófsins góða eða meðalfærni**, hefur hljóðkerfisvitund barnsins þroskast eðlilega miðað við aldur og ætti barnið því að vera vel undirbúið undir formlegt lestrarnám í fyrsta bekk.

**Sýni heildarniðurstaða prófsins slaka eða mjög slaka færni**, getur það verið vísbending um að barnið þurfi markvissa þjálfun hljóðkerfisvitundar, til þess að vera sem best undirbúið undir lestrarnám í fyrsta bekk.

Sú þjálfun fer fyrst og fremst fram í daglegum samskiptum barnsins við fullorðna, sem eru meðvitaðir um að örva hljóðkerfisvitund barnsins í samskiptum sínum við það, bæði í leikskóla og heima fyrir.

Hér fyrir neðan má sjá heildarniðurstöðu barnsins sem og niðurstöður þess í hverjum prófþætti fyrir sig.

Sýni barnið slaka eða mjög slaka færni í einum eða fleiri þáttum, er ráðlagt að örva þroska þess í þeim þáttum.

Nánari lýsing á hverjum þætti fylgir hér á eftir, sem og hugmyndir um þjálfunarleiðir.

Heildarniðurstaða:

Heildarstig: \_\_\_ af 71

 góð færni meðalfærni slök færni mjög slök færni**1. Rím** góð færni meðalfærni slök færni mjög slök færni

færni

*Færni til að heyra að tvö orð ríma (t.d. hús - mús ríma, en ekki hús - gluggi)*

Þið getið fundið rímorð í nánast öllum aðstæðum - heima í stofu, í búðinni, í bíltúrnum...

- Það má búa til bullorð svo lengi sem orðin ríma (hvað rímar við bátur? - fátur, sátur, mátur)
- Bill - dekk, rímar það? Nei. Hvað rímar við bill? (finna orð, t.d. fill, díll, síll...)
- Lesa ljóðabækur fyrir börn (t.d. eftir Þórarinn Eldjárn) eða sögur sem skrifaðar eru í ljóðaformi



Fylgiskjal nr. 6 – skilablað með ráðum til foreldra

### Hugmyndir að því hvernig er hægt að vinna með framburð hljóða:

Hljóð sem verður byrjað á að vinna með \_\_\_\_\_

- **Endurtaka réttan framburð.** Ef barn ber orð vitlaust fram að endurtaka rétt án þess að vekja sérstaklega athygli á villunni sem barnið gerir. Ef barn segir „dundurr“ segja þá: „já hundur“
- Einstaka sinnum að biðja barn að **endurtaka orð**. Þá er hægt að:
  - Slíta orð í sundur (fið-ril-di)



- Segja orðið hægar
  - klappa orðið („poll-a-gall-i“)
- Á youtube er **Lubbi finnur málbein** og eru öll lögin sungin og gerð táknið með. Gagnlegt er að syngja lögin og gera táknið sérstaklega þau hljóð sem er verið að vinna með.
- Nota lubbatákn og ýkja þann staf sem vantar (ffffugl)
- Mikilvægt er að leggja meiri áherslu á að barn vandi sig með hljóð sem er verið að vinna með í almennri frásögn. Án þess þó að þreyta barn.
- Gott er skoða **Lærum og leikum með hljóðin**. Það er til sem smáforrit í iPad og bók sem fæst á Bókasafninu eða í bókabúðum. Í Lærum og leikum með hljóðin er mikilvægt að sitja með barninu og á það meðal annars að:
  - Læra hvar tungan á að vera staðsett í munninum þegar hljóð er sagt.
  - Endurtaka bullorð og orð með hljóðinu.
- Á heimasíðu Árborgar eru fræðslumyndbönd um framburð leikskólabarna sem við



mælum með að horfa á.

